

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30, 7. júní 1985, um Veðurstofu Íslands, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um sama efni, nr. 601, 29. desember 1987.

*Samgönguráðuneytið, 2. maí 1988.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

## REGLUGERÐ

### um upptöku ólöglegs sjávarafla.

#### 1. gr.

Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla:

1. Sem ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum.
2. Sem umfram er ákveðinn hámarksafla, sem bátum er settur.
3. Sem aflað er með ólöglegum veiðarfærum.
4. Sem aflað er á svæðum þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar eða án þess að tilskilin veiðileyfi séu fyrir hendi.
5. Sem aflað er utan leyfilegra sóknardaga, sbr. 18. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990.

#### 2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða, magn hans og andvirði.

Úrskurður ráðuneytisins skal vera skriflegur og rökstuddur og byggja á upplýsingum Ríkismats sjávarafurða, veiðieftirlitsmanna ráðuneytisins og öðrum tiltækum sönnunargögnum.

Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er ráðuneytinu heimilt að áætla það eftir tiltækum gögnum.

Úrskurð um upptöku ólöglegs sjávarafla skal tilkynna bæði seljanda og kaupanda með ábyrgðarbréfi svo fljótt sem unnt er.

#### 3. gr.

Við verðlagningu á upptökuandvirði ólöglegs sjávarafla skal ráðuneytið miða við gildandi fiskverð Verðlagsráðs sjávarútvegsins, þegar sala fer fram. Verði hinn ólögmæti afli ekki heimfærður til einstaks verðlagstímabils, svo sem þegar fiskiskip fer yfir árlegt heildaraflamark eða leyfilegan sóknardagafjölda, skal miða við meðalverð á almanaksárinu.

Þegar ólöglegur sjávarafli er seldur erlendis skal miða upptökuandvirði við söluverð í erlendri höfn umreiknað á skráðu kaupgengi í íslenskri mynt, að frádregnu kostnaðarhlutfalli, sem ráðuneytið ákveður.

#### 4. gr.

Ráðuneytið getur innheimt andvirði upptöku hjá seljanda eða kaupanda eftir því sem við á hverju sinni.

Kærufrestur til sjávarútvegsráðuneytisins er 30 dagar frá dagsetningu úrskurðar og skal skriflegum athugasemdum, ef einhverjar eru, komið á framfæri við ráðuneytið innan þess tíma.

## 5. gr.

Sé andvirði ólöglegs sjávarafla ekki greitt innan 30 daga frá lokum kærufrests, reiknast dráttarvextir á skuldina í samræmi við 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta viðkomandi skip heimild til veiða í tiltekinn tíma vegna vanskila.

Úrskurði ráðuneytisins má fullnægja með aðför hafi andvirði upptöku ekki verið greitt innan 60 daga frá lokum kærufrests.

## 6. gr.

Úrskurðum ráðuneytisins má vísa til meðferðar sakadóms, en málskot frestar því ekki að ráðuneytið geti innheimt andvirði upptöku þess ólöglega afla sem það gerir upptækan.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla og laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi eldri reglugerð sama efnis, nr. 232 6. maí 1986.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. maí 1988.*

F.h.r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Kjartan Júlíusson.*

## AUGLÝSING

**um breyting á starfsleyfi fyrir sorpeyðingu á Húsabakka í Aðaldal  
nr. 542/1987.**

## 1. gr.

2. gr. 5. tl. orðist svo:

Sérstakur staður skal vera fyrir brotamálm innan girðingar.

Ekki skal leyfilegt að urða brotamálm, heldur leitast við að hann fari til brotamálmsvinnslu eftir því sem tók eru á. Svæðið umhverfis brotamálmsgeymslu og vinnslu skal vera afmarkað með jarðvegshólum þannig að það falli vel við landslagið og ekki verði sjónlýti af bílflökum og öðru stórskrani.

## 2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. maí 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*